

Orðanefnd læknafélaganna

Fundur var haldinn mánudaginn 23. maí 2022 kl. 16:30 að Laugavegi 13, Reykjavík, í húsnæði Stofnunar Árna Magnússonar og var þetta 92. fundur nefndarinnar frá árinu 2012.

Mætt voru: Jóhann Heiðar Jóhannsson, formaður nefndarinnar, Magnús Jóhannsson, Reynir Tómas Geirsson og Ágústa Þorbergsdóttir, deildarstjóri á Stofnun Árna Magnússonar. Runólfur Pálsson hafði boðað forföll.

1. Síðasta fundargerð:

Fundargerð 91. fundar (25. apríl 2022), sem hafði verið send nefndarmönnum í tölvupósti, var samþykkt án athugasemda.

2. Orðabókarvinnan:

Fyrir fundinum lágu orðalistar, sem sendir höfðu verið nefndarmönnum til yfirferðar.

- a) **Abrasion, erosion, ectropion, excoriation, attrition, tripsy o.fl.** Þetta var lokayfirferð á tæplega 50 færslum með þessum ensku grunnheitum. Ýmsar lagfæringar voru gerðar eftir ítarlegar umræður. Færslurnar verða svo uppfærðar samkvæmt þessu og endurbirtar á venjulegan hátt í Íðorðabankanum.
- b) **Verkjaheiti.** Þetta var langur listi frá fyrra fundum, sem - þá eins og nú - vannst ekki tími til að taka til sameiginlegrar yfirferðar og var því frestað.

Önnur mál:

- c) JHJ greindi frá því að hann hefði nýlega verið boðaður á fund fagráðs Landlæknis-embættisins um flokkunarkerfi. Hann mætti á fundinn sem fulltrúi orðanefndar, en var upphaflega þátttakandi á vegum Landspítalans. Ráðið er að öðru leyti skipað fagaðilum frá embættinu, Háskóla Íslands, einni læknastöð og frá Heilsugæslunni. Þetta eru allt einstaklingar með langa reynslu af kóðun heilbrigðisupplýsinga. Fyrirhugað er að taka upp sjúkdómaflokkunarkerfið ICD-11, í stað þess kerfis sem nú er í notkun til skráningar sjúkdómsgreininga, ICD-10, og getur það orðið tilefni til ýmissa nýrra þýðinga yfir á íslensku. JHJ sagðist hafa tjáð vilja sinn til þess að orðanefnd LÍ gæti orðið fagráðinu að liði í þýðingum einstakra sjúkdómsheita, en hefði sennilega ekki bolmagn til neinna stærri verkefna, eins og heildarþýðingunni á ICD-10 árið 1996. Fleiri kóðunarkerfi eru í skoðun hjá embættinu, s.s. NCSP (NOMESCO Classification of Surgical Procedures) og SNOMED-CT (Systematized Nomenclature of Medicine - Clinical Terms).
- d) JHJ greindi frá fyrirspurn sem borist hafði um latneska heitið „pes anserinus“ sem skráð hefur verið í Íðorðasafn lækna með beinni þýðingu sem „gæsarfótur“. Fyrirspyrjandi óskaði eftir því að íslenska heitið „andarfótur“ væri einnig skráð sem samheiti og var það samþykkt.
- e) JHJ nefndi nokkur verkefni, sem gætu komið til vinnslu hjá sér í sumar og síðan til rafrænnar yfirferðar nefndarmanna þó að formlegir fundir yrðu ekki haldnir. Var því vel tekið af viðstöddum.

Næsti fundur. Næsti orðanefndarfundur er ráðgerður í september 2022. JHJ mun að venju undirbúa fundinn og boða með tölvupósti.

Fundi var slitið kl. 17:30. Fundargerð ritaði JHJ.